

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. (20. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér undirbúning að setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matmælum af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Framlögð tillaga til þingsályktunar leggur til að undirbúningur verði hafin á setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matmælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar. Tillagan er lögð fram að danskri fyrirmynd en þar í landi hefur verið lagt bann við matvörum sem innihalda meira magn af transfitusýru en sem þessu nemur.

Viðskiptaráð leggst gegn þessari tillögu og telur að hún gangi of langt í verndun neytanda vegna hugsanlega skaðlegum áhrifum af neyslu transfitusýra. Eðlilegri nálgun vegna áhrifa transfitusýra er að varað sé við ofneyslu og ríkari krafa um merkingar matvæla. Sú nálgun sem farið hefur verið í Bandaríkjunum og fjallað er í greinargerð með ofangreindri tillögu, tekur til reglugerðar um merkingar matvæla, og er að mati ráðsins eðlilegri nálgun til að draga úr neyslu transfitusýra.

Í greinargerð með tillögunni er til þess vísað að innleiðing reglugerðar um merkingar matvæla sé tímafrek og hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir eftirlitskerfið auk þess sem upplýsingaveita til almennings sé erfið í framkvæmd. Til staðar eru í íslensku réttarkerfi reglugerðir um bæði merkingar matvæla, rg. 503/2005, og merkingu næringargildis matvæla, rg. 410/2009. Eðlilegast væri að transfitusýrumagn matvæla væri sérstaklega tekið fram á umbúðum matvara eins og á við um ýmis önnur innihaldsefni. Reglugerðir þess efnis eru til staðar og þyrfti því aðeins að aðlaga þær. Um leið væri hægt að fela Lýðheislustöð að gera almenningi grein fyrir hugsanlega skaðlegum áhrifum transfitusýra í matvælum, með vísan í merkingar, en þar hefur vinna við slíkt þegar hafist.

Það verður heldur ekki séð að sú leið sem farin hefur verið í Danmörku, þ.e. leyfilegt hámark transfitusýra í matvælum, sé auðveldari í framkvæmd en sú leið sem höfundar tillögunnar vísa á bug sem of tímafrekri og kostnaðarsamari. Með banni fylgir eftirlit á vegum eftirlitskerfisins sem felur í sér kostnað ásamt því að setja þyrfti upp leyfaferli fyrir innfluttum matvælum inn á markað.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands